



Persónuverndarstefna og lýsing á vinnslu persónuupplýsinga Einingar-Iðju

1. Ábyrgðaraðili og persónuverndarfulltrúi

Ábyrgðaraðili að vinnslustarfsemi er Eining-Iðja kt. 570599-2599. Persónuverndarfulltrúi stéttarfélagsins er Hafdís E. Ásbjarnardóttir, sími: 460-3618 og hafdi@ein.is.

2. Tilgangur vinnslu persónuupplýsinga

Tilgangur vinnslu stéttarfélagsins er margbreyttur en í grundvallaratriðum er hann þríþættur ásamt vinnslu með tölfræðilega og afleiddar upplýsingar:

2.1. Veita tiltekna þjónustu skv. lögum og reglum félagsins

Í *fyrsta lagi* er tilgangur vinnslu stéttarfélagsins að veita félagsmönnum stéttarfélagsins tiltekna þjónustu. Sú þjónusta er m.a. skilgreind í lögum félagsins. Hluti af þessari þjónustu á sér stað á vegum sjúkrasjóðs, orlofssjóðs eða fræðslusjóðs félagsins. Er þá félagsmaðurinn beðinn um tilteknar upplýsingar til þess að unnt sé að afgreiða mál hans, t.a.m. kvittanir vegna styrks til náms, upplýsingar um greiðslu veikindadaga hjá atvinnurekanda o.fl. Þá eru upplýsingar úr félagsskrá um greiðslu iðgjalda til félagsins nýttar til þess að staðreyna réttinn og eftir atvikum fjárhæð réttinda í samræmi við reglur sjóða félagsins. Þar að auki er þjónusta veitt vegna kjaramála sem koma á borð félagsins. Slík kjaramál styðjast að meginstefnu við upplýsingar sem félagsmaðurinn er beðinn um að afhenda kjaramálafulltrúa svo unnt sé að fara í mál fyrir hann, t.d. launaseðla, bankayfirlit, staðgreiðsluyfirlit Ríkisskattstjóra, tímaskrift o.fl. Í þessum tilfellum byggist vinnsla persónuupplýsinga fyrst og fremst á samþykki félagsmannsins, sbr. 1. tölul. 9. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga og þar að auki eftir atvikum á 2. og 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga, ef upplýsingarnar teljast viðkvæmar í skilningi laganna.

2.2. Mótun kröfugerðar fyrir hönd félagsmanna

Í *öðru lagi* er tilgangur vinnslu stéttarfélagsins mótun kröfugerðar f.h. félagsmanna. Í hana eru notaðar launaupplýsingar félagsmanna, sem fengnar eru í gegnum upphæð iðgjalda til félagsins. Byggist sú vinnsla persónuupplýsinga á 6. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga - frumvarp enda lykil upplýsingar við mótun kröfugerðar félagsins f.h. félagsmanna og í samræmi við tilgang félagsins.

2.3. Fullnusta lagaskyldu

Í *þriðja lagi* felst tilgangur vinnslu stéttarfélagsins í fullnustu lagaskyldu. Sem dæmi þá er kveðið um í b. liði 1. mgr. 7. gr. lag nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, skal umsögn hlutaðeigandi stéttarfélags eða lands sambands launafólks liggja fyrir vegna afgreiðslu tímabundins atvinnuleyfis. Í þeim tilvikum sem stéttarfélagið er beðið um að veita umsögn er tekin afstaða til atvinnuleyfis tekin á grundvelli upplýsinga sem félaginu eru veittar og í ákveðnum tilvikum upplýsinga sem félagið aflar frá opinberum aðilum. Þá byggist vinnslan á 3. tölul. 9. gr. persónuverndarlaga og eftir atvikum 2. og 4. tölul. 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga, ef upplýsingarnar teljast viðkvæmar í skilningi laganna.



2.4. Tölfræðileg vinnsla

Eining-Iðja áskilur sér rétt til að útbúa ópersónugreinanlegar tölfræðilegar samantektir og aðrar afleiddar upplýsingar sem án alls vafa eru ekki persónugreinanlegar og nota sér þær í starfi félagsins.

3. Hverjir eru skráðir einstaklingar hjá stéttarfélaginu? Hvaða upplýsingar hefur félagið aðgang að?

Skráðir einstaklingar hjá stéttarfélaginu eru félagsmenn þess auk þeirra einstaklinga, sem sótt hafa um atvinnuleyfi og félagið beðið um umsögn um þann einstakling. Til viðbótar hefur félagið aðgang að upplýsingum úr Þjóðskrá um einstaklinga og fyrirtæki.

3.1. Iðgjaldasaga

Stéttarfélagið hefur í *fyrsta lagi* aðgang að iðgjaldasögu félagsmanns og þar með upplýsingar um launakjör hans hjá atvinnurekanda, eða hvort annar, t.a.m. Fæðingarorlofssjóður eða Greiðslustofa atvinnuleysisbóta, hafi greitt af félagsmanni til stéttarfélagsins.

3.2. Aðstoð vegna kjaramáls

Í *öðru lagi* eru til staðar upplýsingar um hvort félagsmaður hafi leitað fulltingis félagsins vegna kjaramáls, þ.m.t. vegna vangoldinna launa og uppsagna. Í þeim málum er iðulega beðið um launaseðla, bankayfirlit, staðgreiðsluyfirlit Ríkisskattstjóra, tímaskrift og fleiri upplýsingar eftir atvikum. Félagsmaðurinn sækir viðkomandi upplýsingar sjálfur og afhendir stéttarfélaginu.

3.3. Umsókn um styrk í sjóði félagsins

Þá eru í *þriðja lagi* til staðar upplýsingar um hvort félagsmaður hafi sótt um styrk eða styrki í sjóði félagsins, hvaða styrk er um að ræða og upphæð styrksins. Þar að auki, hafi félagsmaður keypt afsláttarmiða eða nýtt annarra hlunnindi hjá félaginu, er það einnig skráð. Jafnframt er skráð ef félagsmaður er settur á bannlista vegna slæmrar umgengni um orlofshús stéttarfélagsins.

3.4. Umsókn um sjúkradagpeninga og meðfylgjandi gögn

Í *fjórða lagi* eru upplýsingar um hvort að félagsmaður hafi sótt um sjúkradagpeninga í sjúkrasjóð félagsins vegna veikinda eða annarra aðstæðna, upphæð styrksins auk allra gagna sem slíkri umsókn fylgja, t.d. læknisvottorð, sjúkradagpeningavottorð og vottorð atvinnurekanda um veikindadaga starfsmanns.

3.5. Upplýsingar úr Þjóðskrá

Í *fimmta lagi* hefur stéttarfélagið upplýsingar úr Þjóðskrá um félagsmenn. Þar með taldar eru lögheimili, hjúskaparstaða og hver maki félagsmannsins er ef á við, þjóðerni og kennitala.



4. Eyðing persónuupplýsinga

Meginreglan er sú að persónuupplýsingum sé í síðasta lagi eytt við lok almanaksárs þess, sem er sjö ára frá öflun þeirra upplýsinga. Öllum upplýsingum sem aflað er í sambandi við kjaramál, t.d. launaseðlum og tímaskriftum, er þó eytt í samræmi við meginregluna. Iðgjaldasaga félagsmanns, þ.m.t. upplýsingar um greiðslur úr sjúkrasjóðum félagsins, auk upplýsinga um aðstoð félagsins í kjaramálum eru heyra til undantekninga.

5. Vinnsluaðilar stéttarfélagsins

Nánari skilgreining á sambandi stéttarfélagsins við vinnsluaðila, hverjir vinnsluaðilarnir eru, hvaða vinnsla fer fram og með hvaða upplýsingar.

- Inít ehf. kt. 570913-1150, (*hugbúnaðarfyrtæki sem rekur félagakerfi stéttarfélagsins ásamt félagavef félagsmanna*)
- Síminn hf. kt. 460207-0880, (*símkerfi félagsins*)
- Stefna hugbúnaðarhús kt. 520903-2750, (*uppsetning heimasíðu*)
- Advania kt. 590269-7199, (*tölvur og uppsetning, office 365*)

6. Almenn lýsing á tæknilegum og skipulagslegum öryggisráðstöfunum

Hér á eftir fer fram lýsing á þeim öryggisráðstöfunum sem stéttarfélagið hefur gripið til til þess að tryggja öryggi persónuupplýsinga, t.d. notkun gerviauðkenna og dulkóðunar, sbr. 27. gr. persónuverndarlaga

- Eining-Iðja leggur mikið upp úr því að tryggja öryggi persónuupplýsinga félagsmanna.
- Eining-Iðja sér til þess að farið sé með allar persónuupplýsingar í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.
- Stefna Einingar-Iðju er að geyma og vinna með eins lítið af persónugreinanlegum upplýsingum og mögulegt er til að geta veitt þá þjónustu sem félaginu ber að veita félagsmönnum.
- Eining-Iðja ábyrgist að nýta sér ekki upplýsingar um félagsmenn á óábyrgan, óöruggan eða ólöglegan hátt.
- Eining-Iðja tryggir að starfsmenn félagsins hafi fengið viðeigandi fræðslu hvað viðkvæmar persónuupplýsingar eru og hvernig gögn skulu vistuð.
- Upplýsingar félagsmanna eldri en 18 ára eru ekki veittar foreldrum þeirra.
- Skrifstofur læstar og starfsmenn hafa aðgang að læstum hirslum til vistunar viðkvæmra upplýsinga
- Aðgengi að upplýsingum hefur verið takmarkaður og viðkvæmum upplýsingum hefur verið komið fyrir á sér drifum með aðgangsstýringu.
- Félagakerfi stéttarfélagsins er aðgangsstýrt til þess að tryggja ítrustu persónuvernd skráðra einstaklinga. Einungis þeir starfsmenn, sem þurfa nauðsynlega aðgang að tilteknum upplýsingum um skráðan einstakling vegna vinnu starfsmannsins f.h. stéttarfélagsins, hafa aðgang að viðkomandi upplýsingum.
- Aðgangur að félagavef er aðeins hægt að sækja með rafrænum skilríkum eða sækja um og fá sent á lögheimili.

Akureyri, 6. júlí 2018

Frekari upplýsingar:

Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018
Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins 2016/679 frá 27. apríl 2016